

143 Þjer útveguðuð ítarlegar skýringar í málinu, og hefi jeg síðan meðtekið eptirrit eptir prófi, er haldið hefir verið í Árnessýslu, og þar sem húsbóndi hinnar látnu hefir gefið ítarlegri skýrslu í málinu, og þar að auki eptirrit eptir brjefi hreppstjóranna í Dyrhólahreppi 26. desbr. 1862, þar sem þeir að áskildum frekari skýrslum í málinu játa Þórunni sveitlæga þar, og krefjast, að hún flytjist til Dyrhólahrepps svo fljótt sem verður. Þessi flutningur komst nú ekki á. Húsbóndi Þórunnar hinn sami, sem hún dó hjá, kaus heldur að flytja hana með sjer austur, og þegar hann síðan á árinu 1872 aptur gjörði tilkall til meðlags með henni, fylgdi hann heldur ekki þessari kröfu fram og sjest það af hinu nýja prófi í málinu, að Hraungerðishreppur hefir enn ekkert goldið, hvorki af meðlagi því, sem hreppur þessi samt nú heimtar sjer endurgoldið nje af útfararkostnaðinum. Hraungerðishreppur virðist ekki hafa gjört annað en Mosfellshreppur gjörði á sínum tíma, sem sje skrifa sýslumanni um að heimta meðlagið inn hjá hlutaðeigandi framfærsluveit, en að öðru leyti mun hreppurinn ekki hafa skipt sjer meira af ómaganum, og mun Þórunn ekki hafa verið sett niður með öðrum hreppsómögum, og húsbóndi hennar mun eptir sem áður einn hafa sjeð um hana, og þegar hún dó, ráðstafað útför hennar og kostað hana að öllu leyti. Þegar svo er ástatt, virðist það mjög vafasamt, hvort það verði sagt með sanni, að Þórunn Þórðardóttir hafi það styrk af sveitarfje fremur í Hraungerðishreppi en í Mosfellshreppi. Húsbóndi hennar, sem kaus heldur að halda Þórunni hjá sjer, þegar spurning var um að flytja hana austur á fœðingarhrepp sinn vorið 1862, og þá ekki fylgdi fram kröfu sinni um styrk handa henni frá Mosfellshreppi, virðist á sama hátt að hafa sleppt kröfu sinni til meðlags af Hraungerðishreppi, þar sem hann hjelt öllum umráðum yfir hinni framliðnu til dauðadags hennar, og þar eð Hraungerðishreppur hefir ekki lagt neitt út fyrir tjeðan ómaga, verður sem stendur ekki umtalsmál, að úrskurða honum neitt endurgjald á slíkum kostnaði.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

144 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um að víkja presti frá embætti. — Í þóknanlegu brjefi frá 2. þ. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, jafnframt því að skýra frá því, að þjer hafið vikið sira Sigurgeir Jakobssyni frá embætti hans um hríð, sem presti til Möðruvalla og Grundarsókna í Eyjafjarðarsýslu fyrir sakir drykkjuskapar hans og óreglu í embættisgæzlu sinni, sem og boðið að hefja rjettarrannsókn gegn honum fyrir prófastsrjetti — spurzt fyrir um það, hvort 4. grein auglýsingar frá 22. febr. 1875, er ákveður, að ráðgjafinn fyrir Ísland eigi að skera úr því, hvort höfða skuli mál í móti embættismanni, sem landshöfðingi hefði vikið frá embætti um stundarsakir, eigi einnig við, þegar svo er ástatt sem í þessu máli, þar sem hlutaðeigandi embættismaður er ekki skipaður af konungi, heldur af landshöfðingja.

Af þessu tilefni vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því orðatiltæki þau, sem höfð eru í ofanefndri ákvörðun, eru í alla staði almenn, og ástœður þær, sem hafa gefið tilefni til þeirra, einnig eiga sjer stað með tilliti til embættismanna, sem hin innlenda stjórn hefir skipað, hlýt jeg að kveða já við spurningu þessari.

145 — Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til jarðabóta á prestssetri. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi frá 29. f. m